

REGLUGERÐ

um sjúkrahjálp.

1. gr.

Heimilt er að halda uppi námskeiðum í sjúkrahjálp í þeim sjúkrahúsum landsins, sem ráðherra veitir heimild til slíks námskeiðshalds, að fengnum meðmælum landlæknis. Leyfi þetta skal veitt samkvæmt tillögum landlæknis, þegar ríkissjúkrahús eiga í hlut, en samkvæmt umsókn hlutaðeigandi sjúkrahússtjórnar, þegar önnur sjúkrahús eiga í hlut.

Sjúkrahús, sem hefur hlotið leyfi til að halda námskeið í sjúkrahjálp, sér að öllu leyti um námskeiðsreksturinn og ber á honum ábyrgð gagnvart heilbrigðisstjórn. Forstöðukona (yfirhjúkrunarkona) hvers sjúkrahúss veitir forstöðu námskeiðum þeim, sem haldin eru á sjúkrahúsi hennar. Kennsluna annast hjúkrunarconur og læknar.

2. gr.

Tilgangur náms í sjúkrahjálp er að þjálfa fólk til að vinna einföld hjúkrunarstörf undir stjórn hjúkrunarkvanna.

3. gr.

Halda má sem svarar einu námskeiði á ári í hverju sjúkrahúsi, sem námskeiðsleyfi hefur, og stendur hvert námskeið 8 mánuði. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Námsefni og námstilhögun skal ákveðið í sérstakri námsskrá, sem ráðherra setur um slíkt nám, að fengnum tillögum landlæknis.

4. gr.

Inntökuskilyrði á námskeið skulu vera lokapróf skyldunámstigsins og að nemandi sé ekki yngri en 17 ára og ekki eldri en 50 ára, þegar námskeiðið hefst. Hann skal auk þess sýna heilbrigðisvottorð og siðferðisvottorð, sem sjúkrahúsið tekur gild.

5. gr.

Hverju námskeiði lýkur með prófi, og skulu einkunnir gefnar í orðum samkvæmt nánari ákvæðum um próf í námsskrá. Nemandi, sem stentz próf, hlýtur starfsheitið sjúkraliði. Sjúkraliði hefur rétt til að vinna hjúkrunarstörf í samræmi við ákvæði námsskrár um námsefni, en ekki önnur störf. Honum er óheimilt að stunda sjálfstæð hjúkrunarstörf.

6. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við námskeið á sjúkrahúsum, sem rekin eru af ríki. Við önnur sjúkrahús greiðir ríkissjóður laun fyrir kennslu, sem fram fer í reglulegum kennslustundum samkvæmt ákvæðum námsskrár, svo og styrk til kaupa á nauðsynlegum kennslutækjum eftir tillögum landlæknis. Ekki er þó skylt að greiða framangreindan kostnað, ef þátttakendur í námskeiði eru færri en 6.

7. gr.

Nemendum í sjúkrahjálp skulu á námstímanum greidd 60% af launum sjúkraliða og einnig skal sjúkrahús það, sem heldur námskeið, leggja nemendum til frían búning, er þeir skulu klæðast, svo og þvott á honum.

8. gr.

Sjúkraliðar, sem starfa í ríkissjúkrahúsum, skulu vera ríkisstarfsmenn og taka laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga, nr. 42 12. maí 1965, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. nóvember 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. nóv. 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð.

1. gr.

Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð er stofnað af Varmahlíðarfélaginu í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð er sjálfseignarstofnun, sem rekin verður undir yfirstjórn og á ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu fyrir hönd sýsls-jóðs.

3. gr.

Stofnuninni eru í upphafi lagðar til þessar eignir:

- a. Jörðin Reykjarhóll í Seyluhreppi, ásamt nýbýlinu Varmahlíð með öllum húsum og mannvirkjum, gögnum og gæðum, þar með töldum jarðhita í Reykjarhólslandi, eins og Varmahlíðarfélagið hefur eignast eignina samkvæmt afsali frá ríkisstjórninni, dags. 7. nóvember 1941, svo og með þeim húsum og öðrum mannvirkjum, sem síðan hafa verið reist og eru eign félagsins, en það er hluti félagsins á móti ríkissjóði í sundlaug með búningsklefum og veitingahúsi, eins og það var áður en endurbætur fóru fram 1957. Eign þessi afhendist í því ástandi, sem hún nú er í, og með áhvilandi veðskuldum og öðrum skuldbindingum, sem á eigninni hvíla.
- b. Söngskólasjóður Varmahlíðar, gefinn af hjónunum Guðrínu Björnsdóttur og Þormóði Eyjólfssyni, Siglufirði.
- c. Innstæða Varmahlíðarfélagsins í Sparisjóði Sauðárkróks í bók nr. 2834, að fjárhæð kr. 24 387.86, auk vaxta frá 1. jan. 1958.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að hafa forgöngu um og stuðla að aukinni menningar- og félagsmálastarfsemi í Skagafjarðarsýslu.